

# Friðlýsing: Kerlingarfjöll

## Samráðsáætlun

Samstarfshópur skipaður fulltrúum Hrunamannahrepps, Kerlingarfjallavina, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Umhverfisstofnunar vinnur nú að undirbúningi fyrir friðlýsingu í Kerlingarfjöllum. Samráð er afar mikilvægur hluti af undirbúningi friðlýsingar og mikilvægt að það hefjist á fyrstu stigum máls. Markmið samráðs er að veita þeim sem hagsmuna eiga að gæta á svæðinu og þeim sem áhuga hafa á svæðinu að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þannig er leitast við að skapa sátt um fyrirhugaða friðlýsingu.

Í lok febrúar 2016 verður samráðsaðilum sent erindi þess efnis að undirbúningur að friðlýsingu svæðis í Kerlingarfjöllum sé hafinn. Óskað verður eftir athugasemdu og ábendingum sem gagnast gætu við undirbúningsvinnuna.

Um miðjan mars 2016 verður tillaga að auglýsingu um friðland í Kerlingarfjöllum og hnítsettur uppdráttur með mörkum svæðis auglýstur til athugasemda. Þar munu allir hafa kost á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Samráðsaðilum sem tilgreindir eru í samráðsáætlun verður send sérstök tilkynning um að tillagan sé auglýst til kynningar. Frestur til að skila inn athugasemdu verður 6 vikur.

Til viðbótar við það ferli sem lýst er hér að ofan verður haft samráð við sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni er til.

### Samráðsaðilar

- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Suðurlands
- Vatnajökulsþjóðgarður
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Landgræðsla ríkisins
- Skotvís
- Landvernd
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Samtök ferðaþjónustunnar
- SAMÚT
- Fannborg ehf
- Ferðaklúbburinn 4x4
- Landssamband hestamanna
- Landssamband vélsleðamanna
- Sauðfjárræktarfélag Hrunamannahrepps
- Ferðaklúbburinn Fannar
- Bláskógabyggð
- Orkustofnun

